# Trú og gjaldmiðlar

## Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sagðist á dögum trúa á krónuna. Hér verður ekki gert lítið úr trúarsannfæringu í stjórnmálum. Trú á frelsi og lýðræði er til að mynda mikilvæg grundvallarhugsun.

Trú á gjaldmiðla er flóknara dæmi. Það sést best á því að þeir sem trúa á gömlu krónuna missa allir trúna þegar kemur að útflutningsfyrirtækjum og þeim best settu í samfélaginu. Þá segir köld rökhyggjan: Þeim leyfist að nota evrur og dollara af því að það er hagkvæmara. Að blanda saman trú og rökhyggju í gjaldmiðilsmálum er álíka snúið og að hræra saman olíu og vatni. Afleiðingin er misrétti og kergja þótt vel gangi að öðru leyti.

Þetta er eins og ef boðskapur biskups væri sá að einungis þeir best stæðu mættu njóta kærleika þess sem er í upphæðum. Aðrir yrðu að gera sér að góðu þann í neðra.

**Evra fyrir suma**

Í síðustu viku hóf formaður þingflokks Samfylkingar umræðu á Alþingi um vexti og verðbólgu og formaður Sjálfstæðisflokksins var til andsvara.

Flokkur málshefjanda setti nýlega í biðflokk hugmyndafræði um jafnrétti í gjaldmiðilsmálum vegna brýnni úrlausnarefna í samgöngumálum og heilbrigðismálum.

Málshefjendur voru þannig samstíga í því að hreyfa ekki við kerfislegu misrétti, en af ólíkum ástæðum.

Sjálfstæðisflokkurinn er ekki á móti evru fremur en Samfylking. Hann telur þvert á móti nauðsynlegt að tryggja samkeppnisstöðu útflutningsfyrirtækja með því að leyfa bara þeim að nota evru og taka lán í evrum og sleppa þátttöku í baráttunni við verðbólguna.

Þetta virkar eins og trúarsannfæring um að ójöfnuðurinn sé sjálfstætt markmið. Samfylkingin vill eyða þessu kerfislega óréttlæti, en bara bíða með það.

**Umræðugrundvöllur**

VG styður líka að þeir best settu noti hagstæðari gjaldmiðil en alþýðan. En þau viröast af þjóðlegum ástæðum telja óhjákvæmilegt að einhverjir noti gömlu krónuna, jafnvel þótt það auki ójöfnuð.

Í þessum umræðum á Alþingi sagðist formaður Viðreisnar vera tilbúin að ræða við leiðtoga annarra flokka um að nota krónuna áfram. Þeir yrðu bara að sýna fram á að unnt væri að nota hana í þjóðarbúinu öllu.

> „En meðan við notumst við marga gjaldmiðla verða vextir á ungt fólk og lítil fyrirtæki eftir sem áður tvöfalt hærri en hjá útflutningsfyrirtækjunum og í grannlöndunum.

Þetta er kjarni málsins. Þeir sem trúa á krónuna þurfa að sýna fram á að útflutningsfyrirtækin geti notað hana með samkeppnishæfum vöxtum, sambærilegum stöðugleika og í grannlöndunum og án fjármagnshafta.

Takist það er umræðan um evru óþörf. En takist það ekki er bæði óskynsamlegt og órökrétt að koma í veg fyrir að aðrir fái að njóta sömu aðstöðu.

**Uppgjöf**

Verðbólga á eftir að lækka og vextir munu síga. En meðan við notumst við marga gjaldmiðla verða vextir á ungt fólk og lítil fyrirtæki eftir sem áður tvöfalt hærri en hjá útflutningsfyrirtækjunum og í grannlöndunum. Það er á því misrétti sem þarf að taka núna, en ekki síðar.

Þetta er ekki stundarvandi heldur kerfisvandi, sem ýkist í verðbólgu.

Stjórnmálamenn halda Seðlabankanum í vonlausri stöðu. Í síðustu viku breytti hann reglum til að auka vægi verðtryggðu krónunnar. Ástæðan er ekki sú að bankinn telji þennan auka gjaldmiðil almennt heppilegan.

Seðlabankinn varð að grípa til þessa ráðs vegna þess að honum hafði ekki tekist að auka sparnað í gömlu krónunni þrátt fyrir tvöfalt hærri vexti en í grannlöndunum. Vaxtatæki, sem stjórnmálamenn ákveða að aðeins megi beina að afmörkuðum hópi einstaklinga og fyrirtækja, virkar einfaldlega ekki sem skyldi.



**Hugmyndafræði**

Þessi uppgjöf markaði þáttaskil í umræðunni um peningamálastefnuna. Í beinu framhaldi kallaði seðlabankastjóri eftir þjóðarsátt.

Síðast var gerð þjóðarsátt á vinnumarkaði fyrir meir en þremur áratugum. Hún var ekki um aukin ríkisútgjöld. Kjarni hennar snerist um gengisstöðugleika.

Þeir forystumenn á vinnumarkaði, sem höfðu frumkvæði að þeirri umræðu á sínum tíma, vissu frá upphafi á hvaða hugmyndafræðilega grundvelli hún þyrfti að byggjast.

Forsendan fyrir norrænu vinnumarkaðsmódeli er samkeppnishæft gjaldmiðlaumhverfi. Fjölgengiskerfið er óréttlátt og viðheldur eilífri spennu.

Gjaldmiðlar eru misgóð tæki til að ná markmiðum. Trú á hugmyndafræði jafnra tækifæra er miklu mikilvægari en trú á gjaldmiðil. ■

**Nudd Nudd Nudd**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar.

Sími 694 7881, Janna.

**FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA**

Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

**Uppl. í síma 8548080/5168080**
**retta.is**
**olafur@retta.is**

Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

**HSH**
**Þrif og flutningar**



Tökum að okkur regluleg þrif fyrir sumarhús, hótel, gistiheimili og fyrirtæki. Almennar ræstingar, auka þrif og ýmis önnur þjónusta.

Erum staðsett á Suðurlandi. Gerum tilboð sem hentar þínum þörfum.

**Hægt er að nálgast frekari upplýsinga í sima 792-1727 eða í tölvupóst á hshflutningar@gmail.com**

**HSH þrif og flutningar ehf.**
er fyrirtæki með persónulega þjónustu sem er með 10 ára reynslu í þrifum og flutningum.

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2023, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. mars 2023 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2023, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

***Reykjavík, 16. mars 2023***

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum